



Gleðileg jól!



Biblúsagan um fæðingu Jesú.



Gleðileg jól!

--Biblíasagan um fæðingu Jesú.



Forsíðuteikning: Barbara Meinel Jacobs

Teikningar eftir: Fleur Celeste/ Litað af: Naomi

Höfundur: Chariane Quille, eftir sönnu sögunni um fæðingu Jesú eins og Biblían segir frá henni.


www.nurture-inspire-teach.com




Ung kona sem hét María var útvalin til þess að vera móðir mjög sérstaks barns. Þetta barn átti eftir að sýna fólki á jörðu ást Guðs. Mikilvægur sendiboði var sendur af Guði til þess að segja Maríu frá barninu sem Guð ætlaði að gefa henni.



Erkiengillinn Gabríel sagði Maríu að allt væri mögulegt með Guði, og að barnið sem hún myndi eignast myndi heita Jesús. Hann var sonur Guðs. María trúði því sem Gabríel sagði henni og hún sagði: "Já" við áætlun Guðs um líf hennar.




Jósef, sem var smiður, elskaði Maríu og vildi giftast henni. Þau bjuggu á stað sem hét Nasaret. María og Jósef áttu eftir að hugsa vel um Jesús, son Guðs, á meðan hann var að alast upp á jörðinni.



Erkiengillinn *Gabriel* birtist presti sem hét *Sakaría*, þegar hann var að biðja. Hann sagði honum að hann og kona hans, *Elísabet*, myndu loksins eignast barn.

Sakaría var mjög hissa á að sjá engilinn og var dolfallinn að fá þessi skilaboð hans. Því jafnvel þó þau væru mjög öldruð ætlaði *Guð* að gera það kraftaverk að gefa þeim barn.



María fór að heimsækja frænku sína, Elísabetu. Þegar barn Elísabetar heyrði rödd Maríu þá kipptist það við í maga hennar og iðaði sér til. Barnið varð svo spennt að heyra rödd móður sonar Guðs.



Brátt fæddist barn Sakaría og Elísabetar og fékk hann nafnið Jóhannes, alveg eins og engillinn hafði sagt. Þegar Jóhannes óx úr grasi varð það hans starf að segja frá Jesú, syni Guðs. Hann sagði fólki frá til þess að búa það undir þennan dásamlega atburð.



Engill birtist Jósef í draumi. Hann útskýrði að barnið sem María gengi með væri Jesús, sonur Guðs. Hann bað Jósef að hugsa vel um Maríu og barnið.



Um svipað leyti og Jesú fæddist voru boðuðu ný lög, að allir ættu að fara í heimabæi sína til þess að borga skatta. Jósef og María urðu því að fara til Betlehem.



Þegar þau komu til Betlehem reyndu þau að finna sér stað til að sofa á, en öll herbergin í bænum voru full. Eini staðurinn sem þau gátu sofið í voru fjárhúsin - þar sem dýrin voru geymd.




Jósef og María voru ánægð að hafa að minnsta kosti einhvern stað til þess að vera á. Þetta var það sem Guð hafði áætlað - á þessum litla stað skyldi sonur hans fæðast.

Jafnvel þótt barnið Jesús fæddist ekki í fínni höll, hugsaði Guð vel um hann og vakti yfir þessari auðmjúku fjölskyldu sem elskaði og hlýddi honum.



Jesús fæddist í fjárhúsunum þessa nótt. Jósef gerði sitt besta til að hjálpa Maríu og nýja barninu að líða vel. Hann hlúði að þeim og bjó til lítið bæli úr stráum í jötu einni, fyrir Jesúbarnið að sofa í. Jesús var jólagjöf Guðs til allra barn sem átti eftir að vaxa úr grasi og segja öllum og sýna ást Guðs. Þessi nótt, þegar Jesús fæddist, voru hin fyrstu jóll!



Englar Himnaríkis höfðu ráðlagt að hafa mikla sýningu og kórsöng til þess að tilkynna þessa miklu frétt, að Jesús, sonur Guðs, væri fæddur. Fjárhirðar sem lágu í brekku nærri Bethlehem, urðu heldur en ekki hissa!



Engill Drottins birtist þeim og sagði
þeim þessa miklu frétt - að Jesús væri
fæddur í fjárhúsi og lægi sofandi í jötu.




Svo birtust margir englar í viðbót og sungu: "Dýrð sé Guði í upphæðum! Friður með mönnum og öllum sem vilja vel!" Fjárhirðarnir voru svo glaðir að heyra góðu fréttirnar, að þegar englarnir hurfu þustu þeir af stað til þess að finna Jesúbarnið.




Hirðingjarnir krupu niður hjá Jesú, af lotningu, og lofuðu Guð fyrir að senda son sinn í heiminn. Svo sögðu þeir öllum að Jesús væri fæddur! Fólk var yfir sig undrandi og hissa.



Langt í burtu þaðan bjuggu vitrir konungar sem höfðu verið að rannsaka stjörnurnar. Dag einn tóku þeir eftir sérstakri stjörnu, sem þýddi að nýr konungur - sérstakur konungur - væri fæddur.



Þessir konungar vildu sýna besta konungi allra virðingu sína og völdu til þess bestu gjafir sem þeir gátu fundið. Þeir þökkðu saman dóti sínu og skildu allt sitt eftir til þess að fara í langa ferð að finna konunglega Jesúbarnið.



Peir voru ákveðnir í að finna staðinn þar sem Jesús var, og héldu því sífellt áfram. Stjarnan á himninum leiddi þá rétta leið.



Að lokum birtist stjarnan þeim beint yfir staðnum þar sem María, Jósef og ungi Jesús bjuggu. Konungarnir fögnuðu! Þeir höfðu loks fundið Jesús!



Hinir vitru konungar stigu inn í húsið og krupu niður til þess að sýna syni Guðs virðingu sína. Þeir sýndu honum gjafirnar sem þeir höfðu komið með: Gull, reykelsi og myrru.



Í dag getum við gefið Jesú bestu gjöfina sem til er sem til er, deilt ást hans með öðrum. Við getum sagt fólki frá fyrstu jólnum, þegar Jesús kom til jarðar til þess að frelsa og fyrirgefa okkur, svo að við getum komist til Himna einn daginn. Þetta gleður Jesús ákaflega mikið!



Segðu litla bæn til að taka við gjöf Jesú um eilíft líf með honum! Hann elskar þig.

Kæri Jesús,

Pakka þér fyrir að koma til jarðar fyrir langa löngu, til að færa okkur ást og fyrirgefningu. Mig langar til að þú fyrirgefir mér allt það ranga sem ég hef gert.

Fylltu hjarta mitt af ást þinni. Hjálpaðu mér að gera það sem gleður þig. Mér þykir svo vænt um að þú viljir elska mig að eilífu - og að vegna þess að ég trúi á þig, muni ég búa að eilífu í Himnaríki með þér!